



**Samtök sveitarfélaga
á höfuðborgarsvæðinu**

Til
Rögnu A.
Alþingi

Erindi nr. D 118 /1218

komudagur 21/12 1995

Alþingi
Sólveig Pétursdóttir, alþingism.
Alþingishúsið Kirkjustræti
150 Reykjavík

Kópavogi, 95/02/18

Varðar samræmda neyðarsvörun.

Háttv. þingmaður.

Fyrir Alþingi liggur frumvarp til laga um samræmda neyðarsímsvörun í landinu. Þetta mál hefur verið nokkurn tíma í undirbúningi og hefur nefnd skipuð af dómsmálaráðherra skilað sérstakri skýrslu um málið. Frumvarpið er unnið skv. tillögum nefndarinnar.

Á fundi sínum, þann 9. desember sl., samþykkti stjórn SSH svohljóðandi bókun vegna þessa máls:

Stjórn SSH vill hvetja ríkisstjórnina til að flytja að nýju frumvarp til laga um samræmda neyðarsvörun í landinu hið fyrsta. Brýnt er, að mati stjórnar SSH, að samræma neyðarsvörun í landinu sem allra fyrst. Mikilvægt er að það hljóti stuðning og verði afgreitt á yfirstandandi þingi. Hætt er við að öðrum kosti yrði farið í mikla undirbúningsvinnu að nýju og að málið teffist.

Önnur landshlutsamtök hafa samþykkt sambærilegar bókanir. Um er að ræða að eitt samræmt neyðarnúmer verði í landinu og að sameiginleg stjórnstöð verði komið á laggirnar til þess að taka við og koma áleiðis til viðbragðsaðila skilboðum um neyðaraðstoð.

Nú er þetta mál komið til allsherjarnefndar og bíður afgreiðslu þar. Vakin er athygli yðar á að hér er um brýnt hagsmunamál að ræða fyrir almenning í landinu. Hér á landi eru um 120 „neyðarnúmer“ og getur skipt máli að neyðarhjálp berist fljótt. Einnig, verður hér um talsverðan sparnað að ræða fyrir sveitarfélög og ríki þar sem um margfaldar vöktun er að ræða sem gæti lagst af, ef af samþykkt þessa frumvarps verður. Að lokum, þá hefur Alþingi skuldbundið Ísland til að taka upp sameiginlegt neyðarnúmer „112“. Það eru því öryggislegar og fjárlagslegar ástæður fyrir samþykkt þessa frumvarps, auk skuldbindinga gagnvart öðrum ríkjum.


Jónas Egísson,
framkvæmdastjóri.

Sent þingmönnum Reykjavíkur- og Reykjaneskjördæma.